

Skýrslan inniheldur lýsingu á  
matsverkefnum skólaársins ásamt  
starfsmarkmiðum skólaársins 2024-2025.

# Innra mat í Varmárskóla

Skólaárið 2023-2024

Jóna Benediktsdóttir  
skólastjóri er ábyrgðarmaður skýrslunnar

---

## Efnisyfirlit

Samantekt .....	2
Um Varmárskóla .....	2
1. Inngangur .....	2
2. Fimm ára áætlun um innra mat .....	3
3. Matsverkefni skólaársins .....	3
3.1 Starfsáætlun, verkefni B.....	4
3.2 Nemendur, þarfir og líðan, starfsandi, samskipti og samstarf, verkefni D .....	4
3.3 Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan og þarfir, starfsandi og samskipti, verkefni F .....	5
3.4 Viðmót og menning skóla, verkefni H .....	6
3.5 Samstarf heimila og skóla, verkefni J .....	7
3.6 Umbótaáætlun og þróunarstarf, verkefni L.....	11
3.7 Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar, verkefni M .....	12
3.8 Umbótaverkefni skólaársins 2023-2024, mat.....	13
3.9 Umbótaáætlun í tengslum við ytra mat MMS og vinna við menntastefnu Mosfellsbæjar .....	16
4. Umbótaáætlun og starfsmarkmið ársins 2024-2025 .....	17
5. Lokaorð .....	19
Fylgiskjöl.....	20

# Samantekt

Í skýrslunni er lýsing á starfsháttum við innra mat skólans. Innra mat er lögboðið og skal framkvæmt af aðilum skólasamfélagsins. Matsverkefni ársins voru sjö og til viðbótar er lýsing á mati á starfsmarkmiðum yfirstandandi árs og vinna við skilgreiningar á verkefnum skólans tengdum innleiðingu á Menntastefnu Mosfellsbæjar. Umbótatillögur eru settar fram í fjórum liðum þar sem þættir innan verkefnanna skarast. Umbótatillögum er lýst í kafla 4, þar eru sett fram starfsmarkmið skólaársins 2024-2025 ásamt þeim leiðum sem starfsmenn skólans telja að séu færar og líklegar til að bæta starfshætti og verklag í skólanum og þar með líðan nemenda um leið og þær stuðla að almennum framförum.

## Um Varmárskóla

Varmárskóli tók til starfa 1961 og er elsti starfandi grunnskólinn í Mosfellsbæ. Lengi vel var Varmárskóli eini barnaskólinn í ört vaxandi sveitarfélagi og hefur verið byggt við hann nokkrum sinnum í áranna rás. Um áramótin 2000-2001 voru Varmárskóli og Gagnfræðaskólinn í Mosfellssveit sameinaðir í einn grunnskóla undir nafninu Varmárskóli. Skólastigunum var svo aftur skipt upp árið 2021.

Í Varmárskóla eru nemendur 1. - 6. bekkjar. Á yngsta stigi eru yfirleitt milli 45 og 70 nemendur í árgangi. Við upphaf 5. bekkjar koma yfirleitt 20-25 nemendur úr Krikaskóla til viðbótar í Varmárskóla. Árgangar á miðstigi eru því fjölmennari en þeir yngri eða á bilinu 75-100 nemendur. Starfsmenn skólans eru 80 í 67 heilum stöðugildum. Þar af eru 46,1 stöðugildi, kennara, stjórnenda, námsráðgjafa og þroska-og iðjuþjálfar, 7,2 stöðugildi stuðningsfulltrúa og 7,9 stöðugildi við önnur þjónustustörf í skólanum. Í frístund eru 6,6 stöðugildi. Ræsting var að mestu keypt af ræstingafyrirtæki.

## 1. Inngangur

Í Varmárskóla hefur verið ákveðið að nota skoska kerfið Gæðagreini „How good is our school“ sem megin verkfæri við innra mat. Kerfið byggir á því að þátttakendur í matinu ræða ákveðnar spurningar og gefa skólanum einkunn út frá fyrirfram ákveðnum kvarða. Vinnulagið byggist á því að hver og einn gefur einkunn, sem hann svo ræðir við hóp samstarfsaðila sem komast að sameiginlegri niðurstöðu sem verður að mati hópsins. Niðurstöður allra hópa sem taka þátt í matinu eru svo teknar saman í heildareinkunn. Á grundvelli heildareinkunna er svo ákvarðað hvaða þætti er mest áriðandi fyrir skólastarfið að vinna með. Ef einkunn er 3 eða lægri er mjög áriðandi að vinna bót á viðkomandi þætti í skólastarfinu, einkunnin 4 bendir til að ákveðnir möguleikar séu til úrbóta og einkunn 5 eða hærrí bendir til að starfsmenn meti atriðið í góðu lagi í skólanum. Ákveðnar kannanir sem gerðar eru í skólanum liggja einnig til grundvallar í innra mati sem og samtöl við nemendur og starfsmenn.

Í skólanum starfar matsteymi sem leggur upp vinnu við hvern þátt matsins og sér um úrvinnslu. Matsteymi ársins 2023-2024 var skipað þeim Bergljótu Ingvadóttur, sérkennara, Jóhönnu Jónsdóttur, íþróttakennara, Jónu Benediktsdóttur, skólastjóra, Ragnheiði Ragnarsdóttur, deildarstjóra og Guðnýju Huldu Ingbergisdóttur, umsjónarkennara. Jóna Benediktsdóttir ber ábyrgð á skýrslugerðinni.

## 2. Fimm ára áætlun um innra mat

Haustið 2021 var gerð matsáætlun fyrir Varmárskóla til næstu fimm ára. Áætlunina má sjá hér:

Matsáætlun til fimm ára, verkefni yfirstandandi árs eru gullituð.

		Gæðagr	2021-22	2022-23	2023-24	2024-25	2025-26
A	Skólanámskrá	1.3, 2.2	✖	x			
B	Starfsáætlun	1.3, 2.2	x	x	x	x	x
C	Nám, námsárangur, kröfur og námsmat	2.3, 2.4, 3.1, 3.2	x			x	
D	Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	3,1	x	x	x	x	x
E	Kennsla, kennsluhættir og starfsþróun	2.3, 2.6,				x	
F	Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti	Ársk1.4	x	x	x	x	x
G	Stjórnun	1.2, 1.4		x			x
H	Viðmót og menning skóla, jafnrétti Jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti	Ársk, 2.1, 3.1			x		
I	Aðbúnaður			x			
J	Samstarf heimila og skóla	2.5, 2.7	x		x		
K	Ytri tengsl, önnur skólastig, nærsamfélagið	2.7				x	
L	Umbótaaðgerðir og þróunarstarf	1.1	x	x	x	x	x
M	Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar	1.5			x		
N	Grunnþættir menntunar, læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð	3.3		x			x

Eins og sjá má eru nokkur verkefni tekin fyrir á hverju ári meðan önnur eru unnin með reglulegu millibili. Öll verkefni skólaársins 2023-2024 voru unnin á árinu og umbótatillögur liggja fyrir. Ný matsáætlun verður gerð skólaárið 2024-2025 og mun þá ná til ársins 2029.

## 3. Matsverkefni skólaársins

Matsverkefni skólaársins eru sjö og auk þess leggur teymið mat á hvernig gengið hefur að vinna með umbótaverkefni síðasta skólaárs og hver þeirra þarfnast enn sérstakrar aðgæslu. Þá var einnig höfð til hliðsjónar vinna við greiningu á verkefnum vegna innleiðingar menntastefnu Mosfellsbæjar og lokaskýrslu til Menntamálastofnunar vegna ytri úttektar vorið 2019.

### 3.1 Starfsáætlun, verkefni B

Starfsáætlun skólans er yfirfarin árlega með tilliti til þeirra ákvæða sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla og sniðmáts Mosfellsbæjar um starfsáætlun skóla. Stjórnendur Varmárskóla gerðu það fyrir skólabyrjun í ágúst 2023 og gerðu þær breytingar sem nauðsynlegar voru til að starfsáætlun skólans uppfyllti þessi skilyrði og væri jafnfram lýsandi fyrir skólstarfið.

### 3.2 Nemendur, þarfir og líðan, starfsandi, samskipti og samstarf, verkefni D

Til grundvallar mati á þessum þætti liggja: tengslakannanir sem gerðar eru af umsjónarkennurum, foreldraviðtöl um líðan nemenda, viðtöl námsráðgjafa við nemendur um líðan, endurmat nemenda á bekkjarsáttmálum og upplýsingar um tíðni eineltismála í skólanum. Þá unnu starfsmenn einnig með gæðagreini 3.1, velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Fjallað verður um hvern þessara þátta sérstaklega og dregin saman heildarmynd af líðan nemenda í Varmárskóla.

Í öllum bekkjum voru gerðar tvær tengslakannanir á árinu, í október og í febrúar. Í könnunum eru nemendur spurðir með hverjum þeir vilja helst vinna og með hverjum þeir vilja helst leika í frímínútum, þá eru þeir einnig spurðir með hverjum þeir vilja helst eyða tíma utan skólans. Kennarar vinna úr könnunum og grípa til sérstakra ráðstafana vegna þeirra nemenda sem eiga ekki féлага eða virðast ekki hafa aðgang að félagsskap utan skóla. Ráðstafanir sem gripið er til eru einstaklingsbundnar í hverju tilviki. Oftast er haft samband við foreldra og samstarf við þá skilar yfirleitt góðum árangri. Einnig er gjarnan unnið með hópa nemenda við svona aðstæður og skipulögð námskeið hjá námsráðgjafa til að aðstoða þá við að eiga í betri samskiptum. Námsráðgjafi heldur utan um framkvæmd kannanna og er til ráðgjafar við skipulagningu úrræða fyrir einstaka nemendur í ljósi niðurstaðna.

Í foreldraviðtölum í október og febrúar er rætt um líðan nemenda. Ef í ljós kemur að nemandi líður ekki vel er gerð áætlun um breytingar í samvinnu foreldra og skóla. Algengar breytingar sem gripið er til eru aðlögun námsefnis og tilfærslur milli námshópa. Þá koma stundum upp mál sem þarfnast aðstoðar samskiptateymi, deildarstjóra eða námsráðgjafa.

Nemendur gera bekkjarsáttmála, undir leiðsögn kennara, að hausti. Í sáttmálanum lýsa þeir hvernig samskipti þeir vilja eiga við bekkjarféлага sína. Í janúar voru bekkjarsáttmálarnir svo endurskoðaðir og gerðar tillögur til umbóta þar sem þurfti. Í sumum árgöngum er það gert oftar og unnið með niðurstöðum í hvert sinn. Þetta er liður í eflingu lýðræðis- og borgaravitundar hjá nemendum Varmárskóla og jafnframt verkfæri til að efla ábyrgð nemenda á eigin hegðun.

Í skólanum starfar samskiptateymi sem fylgir eftir samskiptaáætlun skólans og tekur jafnframt við tilkynningum vegna eineltismála. Í teyminu sitja deildarstjóri, námsráðgjafi og tveir umsjónarkennarar. Teymið vinnur samkvæmt verkferlum samskiptastefnu skólans. Í samskiptastefnu skólans eru eftirfarandi skilgreiningar á samskiptavanda og einelti:

**Samskiptavandi** er þegar nemendur greinir á eða þeir eiga í útistöðum, yfirleitt er ekki um valdaójafnvægi að ræða. Samskiptavandi getur verið undanfari eineltis og því sérlega mikilvægt að kenna nemendum að leysa sjálfir úr ágreiningi þannig að samskiptafærni þeirra megi þroskast.

**Einelti** er menningar- og samfélagslegt vandamál fremur en vandamál einstaklinga. Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður endurtekið fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verjast. Einelti er alvarlegasta stig samskiptavanda, þegar siendurtekin

*hegðun er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður og reka eða útskúfa viðkomandi úr samfélagi jafningja.*

Sjö mál bárust teyminu í vetur, þar af var eitt mál sem flutt hafði verið frá vorönn 2023 þar sem sú tilkynning barst inn svo seint á vorönn að ekki tókst að hefja það ferli fyrr. Allar sjö tilkynningarnar komu frá foreldrum, engin tilkynning kom frá nemendum eða kennurum. Við nánari skoðun teymisins byggðri á samtölum við nemendur og forráðamenn var niðurstaða teymisins að í sex málunum væri um samskiptavanda að ræða þar sem jafningjar ættu í deilum, ekki var hægt að flokka málsaðila í gerendur eða þolendur. Unnið var með öll þessi máli í samstarfi teymisins, barnanna og foreldra. Málum var fylgt eftir þar til málsaðilar urðu sammála um að staðan væri orðin ásættanleg. Haft hefur verið samband við foreldra í öllum þessum málum til að ganga úr skugga um að málum teljist lokið. Starfsfólk skólans er þó áfram vakandi fyrir þessum samskiptum ef vandi blossar upp aftur. Ein tilkynning sem barst var samdægurs dregin til baka.

Umsjónarkennarar allra árganga skólans lögðu fyrir könnun um líðan á haustönn og 2.-6.bekkur gerðu það einnig á vorönn. Þá voru tengslakannanir lagðar fyrir í 2.-6. bekk á haustönn og í 3., 5. og 6.bekk á vorönn. Unnið er með niðurstöður þessara kannana í bekkjum og hjá námsráðgjafa eftir því sem tilefni þykir til.

Þá var Gæðagreinir 3.1 einnig notaður til mats á þessum þætti. Umfjöllun um hann er í kafla 3.4. um viðmót og menningu skóla.

### **3.3 Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan og þarfir, starfsandi og samskipti, verkefni F**

Lagt var upp með að allir starfsmenn Varmárskóla færu í tvö skipulögð samtöl með stjórnendum á skólaárinu. Fyrra samtalið var í nóvember. Þar voru starfsmenn spurðir um líðan í starfi, mat á starfsanda, samstarf í teymi og hvernig gengi að deila verkefnum. Seinna samtalið fór fram í mars og apríl. Þá voru starfsmenn einnig spurðir um líðan í starfi og starfsanda, einnig um möguleika og tækifæri fyrir næsta skólaár, tileinkun verkefna og sérstök framfaraverkefni. Í fyrra samtalinu völdu starfsmenn hvern af stjórnendum skólans þeir vildu ræða við en í seinna samtalinu skiptu stjórnendur starfsmönnum á milli sín. Hvoru tveggja hefur bæði kosti og galla. Nokkrum starfsmönnum finnst óþægilegt að velja milli stjórnenda og öðrum finnst vont að ræða ekki alltaf við þann sama.

Ekki var gefin heildareinkunn fyrir þennan matsþátt þar sem spurningarnar eru um persónulega skoðun starfsfólks á vinnuframlagi og aðstæðum. Niðurstöður voru teknar saman og kynntar starfsmönnum. Starfsmönnum líður almennt vel í starfi, þeir eru ánægðir með upplýsingagjöf og starfsanda í skólanum.

Um árabíl hefur starfsmannakönnun maskínu verið lögð fyrir starfsmenn Mosfellsbæjar en í ár var ákveðið að breyta því og taka upp púlsmælingar Moodup. Aðeins er búið að gera tvær púlsmælingar á skólaárinu. Niðurstöður þeirra gefa fremur jákvæða mynd af skólastarfinu og staða Varmárskóla er góð í flestum matsþáttum. Starfsánægja mælist vel yfir meðaltali.

Síðustu 3 mánuðir

Samanburður

	Fjöldi	Svarhlutfall	Starfsánægja	eNPS	Samsvörun	Samskipti	Vöxtur í starfi	Samband við yfirmann	Samband við jafningja	Víðurkenning	Ánægja	Heilsa og vellíðan	Aðbúnaður	Helgun
Viðmið ?		60	7,7	35	7,9	7,7	7,3	8,0	8,0	7,4	8,0	7,6	7,5	8,0
Mosfellsbær	1195	85	7,7	35	7,8	7,6	7,2	8,0	7,9	7,4	8,0	7,6	7,4	7,8
– Fræðslu - og frístundasvið	725	89	7,7	35	7,9	7,6	7,2	8,1	8,0	7,5	8,1	7,6	7,3	7,8
— Varmárskóli, Grunnskólake...	47	96	8,2	53	8,8	8,4	7,6	8,1	9,0	7,7	8,7	7,5	7,8	8,4

Varmárskóli er 0,1 undir meðaltali í einum þætti, heilsa og vellíðan, þar vegur spurning um álag í starfi þyngst. Að öðru leyti er skólinn yfir meðaltali viðmiðunarhópa sem í eru 95 vinnustaðir í mörgum greinum.

### 3.4 Viðmót og menning skóla, verkefni H

Við mat á þessum þætti vann matsteymið tvo gæðagreina, annars vegna upp úr gæðagreini 3.1 úr Gæðagreinum og hins vegar upp úr gæðagreini sem unninn var í Árskóla á Sauðárkróki um námsmenningu. Gæðagreinarnir fylgja hér með merktir fylgiskjöl A og B. Að auki var jafnréttisáætlun skólans endurskoðuð og mun verða birt á nýrri heimasíðu.

Unnið var samkvæmt vinnulagi Gæðagreina í sex hópum. Einkunnir hópa úr fyrri gæðagreini eru 3,9, 4, 5, 5, 3,8, 4, 4 meðaltal er 4,2 sem gefur vísbendingar um að ákveðin tækifæri séu til umbóta. Lögð verður áhersla á að vinna sérstaklega með þá þætti sem fengu einkunnina tvo eða þrjá hjá meira en einum hópi.

#### Sterku hliðarnar okkar

- Allir sammála um að gera sitt besta, öllum annt um nemendur og þeirra velferð, metnaðarfullur hópur
- Umburðarlyndi, vilji til að bæta það sem þarf að laga, vilji til að læra meira, lærdómssamfélag
- Starfsfólkið í Varmárskóla
- Góður andi í skólanum á meðal kennara og nemenda. Viljum það besta fyrir nemendur, mikið af list-og verkgreinum
- Það eru allir að leggja sig fram um að gera sitt besta, erum með kröftugt og metnaðarfullt starfsfólk
- Starfsmannaauðurinn, fjölbreytileikinn, jákvæðnin, fagmennskan. Umhyggjusemin fyrir nemendum og samstarfsfólki.

#### Við teljum mikilvægast að bæta

- Námsver, aðstaða til að taka á móti/vinna með nemendur með frávík, vantar Varmárstofu.

- Minnka hópa og auka starfsfólk, meira fagfólk.
- Nemendur þurfa að bæta hegðunina á miðstigi. Spurning hvort þar þarf skýrari afleiðingar.
- Skapa námsumhverfi þar sem nemandi getur vaxið og dafnað bæði félagslega, andlega og námslega.
- Jákvæð samskipti og aga.
- Vantar mannskap til að geta boðið upp á betri þjónustu.
- Stærri húsnæði myndi líka bæta margt

**Samantekt vegna mats á námsmenningu Varmárskóla.** Unnið var samkvæmt verkferlum Gæðagreina í sex hópum kennara. Einkunnir hópa 5, 3,8, 4,7, 5, 5, 5 meðaltal er 4,75 sem kallar í raun ekki á sérstakar umbætur en þar sem nokkrir matsþættir fengu lægri einkunn en 4 fjóra hjá meira en einum hópi verður unnið með þá sérstaklega.

#### **Sterku hliðarnar okkar eru**

- Okkar viðhorf til nemenda skipta höfuðmáli.
- Við viljum að hver og einn viti að hann er einstakur en haldi áfram að þroskast og leggja á sig.
- Starfsfólkið gerir sér grein fyrir að hugarfar og væntingar hafa áhrif á nemandann og námsumhverfið. Að vekja athygli á námsáhuga getur kveikt neista.
- Við erum tilbúin að horfast í augu við stöðuna eins og hún er og tilbúin til að bæta okkur. Að læra af mistökum.
- Samheldni og jákvæðni einkennir hópinn

#### **Við teljum mikilvægast að bæta**

- Það þarf að gera meiri kröfur til nemenda á öllum sviðum. Gera meiri kröfur í námi, hegðun, framkomu og samskiptum.
- Okkur finnst að of margir nemendur komist upp með slæma hegðun og engar afleiðingar.
- Fá tækifæri til að dýpka þá þekkingu sem fyrir er.
- Að nemendur séu upplýstir um markmið með sínu eigin námi.

## **3.5 Samstarf heimila og skóla, verkefni J**

Foreldrakönnun Skólalámsins var tekin í lok febrúar og byrjun mars skólaárið 2023-2024. Með könnuninni er leitast við að fá fram viðhorf foreldra til tiltekinna þátta í skólalámsinu. Könnunin er í fimm þáttum og verður gerð grein fyrir hverjum þeirra sérstaklega. Svarhlutfall í könnuninni var 75%.

#### **Þáttur 1, Nám og kennsla**

Í þessum þætti eru fjórar meginspurningar og svör foreldra eru yfir landsmeðaltali í þeim öllum. Í 3 af 4 spurningaþáttum eru foreldrar ánægðari en þeir voru þegar síðasta könnun var framkvæmd, árið 2022. Í þessum þremur þáttum er einkunn skólans það vel yfir landsmeðaltali að munur er talinn marktækur.



Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	6,0	86	0,8	5,0	3.536	1,0*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	96,2%	75/78	5,4%	87,6%	2832/3221	8,6%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	86,9%	73/84	-0,5%	85,7%	2914/3414	1,2%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	80,2%	65/81	4,6%	68,1%	2232/3270	12,1%*

## Þáttur 2, Velferð nemenda

Í þessum þætti eru 13 meginspurningar, 12 þeirra eru með samanburði við landsmeðaltal. Af þeim eru 10 fyrir ofanlandsmeðaltal og þar af tvær með afgerandi jákvæðum mun. Í 10 spurningum er gefin framfarastuðull og er hann jákvæður í 7 spurningum. Tvær spurningar skera sig nokkuð úr, 2.7, hlutfall foreldra sem hafa tilkynnt einelti til skólans er lægra en landsmeðaltal og 2.5 um líðan nemenda í frímínútum. Fleiri foreldrar nemenda í Varmárskóla telja að nemendum líði ekki nógu vel í frímínútum en í öðrum skólum sem könnunin náði til. Varðandi spurningu 2.7 byggir hún á svörum 14 svarenda. Þeir foreldrar sem hafa tilkynnt einelti til skólans eru hins vegar flestir ánægðir með úrvinnslu málsins.

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,1	73	0,5	4,7	3.231	0,4*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	90,9%	70/77	1,7%	86,8%	2908/3341	4,1%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	91,7%	77/84	-3,8%	90,2%	3163/3517	1,5%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	90,5%	76/84	-7,2%	89,9%	3126/3491	0,6%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	86,9%	73/84	-0,6%	89,6%	3112/3471	-2,7%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	8,4%	7/83	-5,4%	9,7%	354/3473	-1,3%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	75,0%	9/12	-	89,1%	567/651	-14,1%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	80,0%	8/10	33,3%	61,3%	337/565	18,7%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	6/10	26,7%	59,2%	332/566	0,8%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	90,0%	36/40	12,5%	75,6%	1559/2021	14,4%*
2.11. Meðaltímabil eineltis	0,1	12	-1,1	0,2	648	-0,1
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	12	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	41,0%	34/83	-	39,9%	1399/3433	1,1%

### Þáttur 3, Aðstaða og þjónusta

Þetta er okkar veikasti þáttur í þessari könnun og erum við meðvituð um það. Í þessum þætti eru 6 spurningar þar sem gefinn er samanburður við landsmeðaltal og erum við undir meðaltali í 4 þeirra. Aðstaða á skólalóð er bágborin. Hönnun nýrrar lóðar er langt komin, búið er að áfangsskipta verkinu og fyrsti þáttur kominn á framkvæmdastig. Hlutfall barna í frístundaþjónustu er lægra en almennt gerist og ástæða þess oftast að fólk segist ekki þurfa á slíkri þjónustu að halda. Þá er ánægja fólks með áskrift í mötuneyti undir landsmeðaltali. Nýtt fyrirkomulag var tekið upp í skólanum í haust sem felur í sér mun fjölbreyttari matseðil en áður var og mörg börn eru enn að venjast því.

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,0	83	0,2	5,3	3.413	-0,3
3.2. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu	5,1	40	0,4	4,8	1.997	0,3
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	50,6%	42/83	-11,2%	60,4%	2128/3359	-9,8%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu	-	41	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift	68,9%	51/74	-2,3%	76,1%	2426/3134	-7,2%*
3.6. Notkun á mataráskrift	92,9%	78/84	-4,8%	92,1%	3233/3487	0,8%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift	0%	0/6	-	3,8%	8/251	-3,8%

### Þáttur 4, Foreldrasamstarf

Í þessum matsþætti eru 9 spurningar og þar af 8 með samanburði við landsmeðaltal. Af þeim meta foreldrar í Varmárskóla stöðuna betri en landsmeðaltal gefur til kynna í 5 spurningum, þar af er ein með verulega jákvæðan mun. Það sem foreldrar eru minna ánægðir með eru atriði sem varða aðkomu þeirra að ákvörðunum sem varða nemendur og um mikilvægi þess að gera námsáætlanir með nemendum en Varmárskóli er ekki með vikuáætlanakerfi. Þá eru foreldrar ekki nógu ánægðir með heimasíðu skólans. Ný síða er í vinnslu.

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,3	77	0,4	4,9	3.317	0,4*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	54,7%	35/64	2,4%	59,6%	1691/2793	-4,9%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	70,0%	35/50	6,2%	65,9%	1667/2460	4,1%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	95,2%	79/83	-3,7%	92,7%	3113/3337	2,5%
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	83	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	57,1%	40/70	16,8%	50,6%	1467/2934	6,5%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	83,9%	47/56	-2,5%	85,9%	2196/2561	-2,0%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	77,3%	58/75	7,6%	79,2%	2564/3217	-1,9%
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	72,6%	61/84	8,6%	71,8%	2539/3457	0,8%

## Þáttur 5, heimastuðningur

Í þessum þætti eru 6 spurningar og er mat foreldra í Varmárskóla yfir landsmeðaltali í 5 þeirra. Eina spurningin sem er undir landsmeðaltali er um væntingar fólks um iðnnáms.

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,4	81	-0,3	4,8	3.426	0,6*
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,7	81	0,8	4,5	3.417	0,2
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	80,2%	65/81	8,2%	76,4%	2350/3069	3,8%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	77,5%	62/80	9,2%	53,2%	1776/3274	24,3%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	90,2%	55/61	12,6%	71,8%	1812/2592	18,4%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	8,2%	5/61	-3,7%	17,1%	464/2592	-8,9%*

Þáttur 6 er um opin svör foreldra. Flest sem þarf kemur fram og kallar á umbætur snýst um aðbúnað og þegar hafa verið gerðar áætlanir þar um, það ræðst svo af fjárhag hvernig gengur að koma þeim í verk. Það sem nefnt er og foreldrar eru ánægðir með snýst flest um samskipti við starfsmenn skólans.

## Almenn umfjöllun um mælingu Skólapúls

Af 35 spurningum í könnuninni er mat foreldra betra en hjá meðaltali í 26 spurningum eða í um 74% spurninganna. Af þeim 29 spurningum sem gefinn er framfarakvarði við er mat foreldra að í 22 sé staðan

betri en áður eða í um 75% af þeim þáttum sem spurt er um. Heildarniðurstaða skólans er því nokkuð góð. Við erum þó vakandi fyrir þeim umbótaþáttum sem er á okkar færi að takast á við og munum beina sjónum okkar að því að vinna með aðstöðu og samskipti í frímínútum.

### 3.6 Umbótaaðgerðir og þróunarstarf, verkefni L

Matsþátturinn umbótaaðgerðir og þróunarstarf var unninn með þrenns konar verkefnum. Gæðagreini 1.1. sem fylgir með sem fylgiskjal C). Mati á starfsmarkmiðum yfirstandandi árs sem unnið var í janúar 2024 og í maí 2024. Vinnu við menntastefnu Mosfellsbæjar þar sem helstu verkefni skólans voru kortlögð og flokkuð í samræmi við menntastefnuna og í tengslum við lokaskil á umbótaskýrslu til MMS vegna ytri úttektar sem fram fór á skólanum skólaárið 2019-2020.

Gæðagreininir 1.1. Unnið var í sex hópum og var heildareinkunn hópa sem segir: 5, 5, 4;5, 4, 4, 4. Meðaltal er 4,4 sem kallar ekki á sérstakar umbætur en ávalt má þó bæta starfið og því er tekið tillit til þeirra þátta sem koma lakar út í umbótaáætlun.

#### Mat hópa á sterkum hliðum

- Áhugi starfsfólks á starfinu sínu. Vilji til að gera betur og leita leiða til að skilja börnin og vera góð við þau.
- Vel er haldið utan um matsferla og framkvæmd þeirra, og viðbrögð við niðurstöðum eru skipulögð og markviss. Þeim er fylgt eftir eins og kostur er.
- Gagnrýni á eigin vinnu til framfara á jákvæðan hátt. Gæðagreinar eru teknir alvarlega og nýttir til umbóta. Námsmat markvissara í mentor og unnið að því jafnt og þétt. Það hjálpar okkur að fylgjast með stöðu nemenda jafnt og þétt.
- Gott teymi, góð samvinna, mikið samstarf og erum dugleg að taka samtalið.
- Kennarar hafa góðan skilning á að ytri aðstæður geta haft veruleg áhrif inn í skólastarf. Það er mjög gott upplýsingaflæði í skólanum og stjórnendur sjá til þess að allir séu vel upplýstir. Skólastjóri er mjög sýnilegur á ganginum og í kennslustofum. Kennarar skólans taka virkan þátt í innra mati og meta styrkleika og veikleika sem er svo unnið með áfram og sett fram markmið og áætlun um umbætur.
- Skilningur á mismunandi aðstæðum barna.
- Símenntun kennara sé byggð á niðurstöðum sjálfsmats.
- Skýr sýn, samvinna, metnaður
- Sjálfsmat kennarar leiðir til umbóta fyrir kennslu og nemendur, við teljum okkur hafa góðan skilning og innsýn í líf barnanna og samfélagi þeirra. Við erum alltaf að fylgjast með og meta nemendur og eigin vinnu.
- Í stoðþjónustunni er góð samvinna og hjálpsemi á milli starfsfólks. Í garð nemenda ríkir, virðing og umhyggja Allir í teyminu hafa mikinn áhuga á starfi sínu, eru duglegir að sækja sér endurmenntun og gera allt sem í þeirra valdi til að aðstoða nemendur á allan hátt.

#### Það sem hópar telja að megi bæta

- Okkur vantar eitthvað rými námsver/hegðunarver sem hvílir nemanda frá bekknum sínum.

- Að aðgerðir sem ákveðið er að fara í sem viðbrögð við niðurstöðum innra mats séu enn aðgengilegri og sýnilegri svo minni hætta sé á að verkefni falli milli skips og bryggju í dagsins önn.
- Fleiri rými til draga úr hindrunum og/eða áreiti sem tengist einnig fjölda nemenda í hverjum bekk.
- Það sem við hefðum þurft að gera til að standa betur að vígi gagnvart umbótum er að samræma betur vinnutíma eftir kennslu og hefðum þurft að vinna starfsmannasáttmála í byrjun skólaárs. Gott væri ef sett væru tímamörk á starfsmannasáttmála og það ætti að skila þeim inn strax eftir starfsdaga að hausti.
- Það er erfitt að draga úr hindrunum til árangurs með stóra námshópa. Það þarf að bæta við úrræðum t.d námsveri sérstaklega fyrir nemendur í 5. og 6.bekk þar sem geta nemenda er mjög ólík og bil milli nemenda eykst mikið og erfitt er að brúa það.
- Reynum að draga úr hindrunum til að tryggja árangur nemenda en finnst að okkur skorti tíma og úrræði. Ýmislegt orðalag í gæðagreinum orkar tvímælis - kemur oft upp mismunandi skilningur á hvað er verið að spyrja um.
- Aðbúnaður, húsnæði, plássleysi
- Þær umbætur sem hafa oft verið ræddar og eru þarfar eru oft ekki í höndum kennara að bæta.
- Það vantar fleira fagmenntað starfsfólk í stoðþjónustuna. Okkur vantar stoðþjónustufundi reglulega þar sem við ræðum okkar daglega starf. Við stingum upp á að þeir fundir verði aðra hvora viku, á móti lausnateymisfundum. Það mætti hlusta meira á tillögur til úrbóta sem stungið er upp á til breytinga. Heildarskipulag stoðþjónustunnar þarf að ræða reglulega á stoðþjónustufundum og vera í stöðugri endurskoðun.

### **Mikilvægustu þættirnir eru**

- Vellíðan og framfarir nemanda og starfsfólks. Símenntun og samstarf.
- Að vísbendingar úr innra mati séu nýttar til að knýja á um breytingar og umbætur í skólastarfinu.
- Hlusta á uppbyggjandi gagnrýni og nýta það í starfsþróun. Vera með stjórnendur sem gefa starfsfólki tækifæri og hvetja til framfara.
- Samvinna, öflugt samstarfsteymi, gott samstarf við stjórnendur og annað starfsfólk. Einnig teljum við mikilvægt að það sé stöðug og góð stýring frá stjórnendum eins og er í dag.
- Við teljum að námsver fyrir ákveðinn hóp nemenda myndi auðvelda mjög mikið að koma betur til móts við þá og tryggja þeim betri árangur í skólanum.
- Fólk, mannauðurinn, skýr sýn og stefna
- Vellíðan og velferð nemenda og að þeir fái þá aðstoð og þjónustu sem þeir þurfa. Vellíðan og velferð starfsfólks er einnig mikilvæg fyrir farsælt skólastarf.
- Að draga úr hindrunum nemenda og hugsa í lausnum. Að fjölga fagmenntuðum í stoðþjónustunni.

## **3.7 Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar, verkefni M**

Matsteymi vann gæðagreini sem hentar okkar umhverfi og studdist við gæðagreini 1.5 úr Gæðagreinum. Skjalið fylgir hér með merkt fylgiskjal C). Unnið var í sex hópum.

Matssamantekt

Heildarmat hópa, 4, 4, 4,5; 4,5; 4,5; 5. Meðaltal 4,4 sem kallar ekki á sérstakar umbótatillögur en allar hugmyndir verða skoðaðar.

**Sterku hliðarnar okkar eru:**

Mannauðurinn, við hjálpumst að og auðvelt er að ræða við flesta. Skólastjóri með gagnsæi.

Hugsað um þarfir barnanna

Fagmennska og liðsheild, hjálpsemi

Hugmyndarík, reynum það sem við getum, erum úrræðagóð og nýtum það sem við höfum. Heppin með skólastjóra.

Samvinna, mannauður, hjálpsemi og virðing.

Gagnsæi og sanngirni

Mannauðurinn

**Það sem við þurfum að bæta:**

Mötuneytisaðstaða og öryggi skólans

Húsnæði, peninga og nútíma kennslugögn

Aðstaða úti og inni

Vantar fleiri þroska- og iðjuþjálfna. Væri gott að byggja við skólann, betri aðstöðu fyrir föt nemenda.

Öryggi umhverfis og húsnæðis.

Aðstaða skólans, framkvæmdir valda áreiti

Aðstaða og gæsla í hádegi, stuðningsfulltrúar farnir á gæslu og enginn til að fylgjast með nemendum.

Þyrfti að vera til meira af kennslugögnum svo sem kubbar, talnagrindur og dót til að gera tilraunir.

**Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:**

Mannauðurinn

Öryggi

Allt sem horfir til nemenda, starfsmanna og aðstöðu/öryggis og að fara vel með peninga.

Að mæta þörfum nemenda og starfsfólks með gagnsæjum og sanngjörnum hætti.

Að nemendum líði vel og samvinna kennara

Öryggi, starfsandi, vellíðan allra, bæði starfsfólks og nemenda.

Aðstæður nemenda og öryggi og að nemendum líði vel í skólanum.

Góð samskipti og allir að gera sitt besta.

## 3.8 Umbótaverkefni skólaársins 2023-2024, mat

Starfsmarkmið skólaársins 2023-2024 voru sett fram í ljósi niðurstaðna innra mats í heild sinni, mati á starfsmarkmiðum ársins 2022-2023 og jafnframt byggð á umbótaáætlun skólans vegna ytra mats MMS frá 2019. Mörg umbótaverkefnanna tengjast fleiri en einum matsþætti því var ekki hægt að flokka þau beint niður á verkefni. Kennarar fóru yfir markmiðin í janúar og endurskoðuðu eigin vinnu í kjölfarið, lokamat fór svo fram í maí. *Mat á hverjum lið er skáletrað.*

### 1 Markmið: Bætt líðan nemenda, aukinn námsárangur og bættur skólabragur.

- Sett verði viðmið um æskilegar hópastærðir, þ.e. 14-16 nemendur í 1. og 2. bekk og 16-18 nemendur í eldri hópum. Hámark 12 nemendur í list- og verkgreina hópum.  
*Unnið er samkvæmt þessum viðmiðum.*
- Fáar samræmdar umgengnisreglur verði settar við upphaf skólaárs.

*Reglurnar voru unnar í samstarfi á starfsdögum að hausti og þeim fylgt eftir með áminningum af og til yfir veturinn*

- Lögð verði áhersla á samþættingu námsgreina og verkefnavinnu í öllum árgöngum þar sem nemendur hafa eitthvert val um útfærslu á skilum. Útbúið verði vinnuskjal þar sem kennarar árgangs skrá lýsingu á verkefnunum til að auðvelda skipulag næstu ára.  
*Nokkur samþætting er í list-og verkgreinum og í tengslum við Byrjendalæsi í 1.-4. bekk. Í 5.bekk hafa verið unnin mörg samþættingarverkefni og í 6.bekk hafa verið unnin svokölluð áhugasviðsverkefni sem fela í sér mikla samþættingu. Vinnuskjal með lýsingum hefur ekki verið gert en verkefnin eru skráð í vinnuáætlanir árganga.*
- Nemendur verði þjálfaðir í að setja sér markmið og finna leiðir til að ná þeim, bæði vegna náms og framkomu. Einnig verði þeim hjálpað við að meta árangur sinn með reglubundnum hætti.  
*Í flestum árgöngum hefur þetta gengið mjög vel, nemendur hafa sett sér markmið bæði í námi og í félagslegum samskiptum, endurmetið þau og gert áætlanir til að ná settu marki.*
- Samskiptaáætlun skólans verði fylgt í öllum námshópum, gerðir bekkjarsáttmálar, þeir endurmetnir og haldnir reglulegir bekkjarfundir.  
*Bekkjarsáttmálar voru gerðir og endurmetnir í öllum bekkjum. Alls staðar voru haldnir bekkjarfundir en þó með mis reglulegum hætti.*
- Haldið verði nemendaþing um varnir gegn einelti í samstarfi við FMOS.  
*Nemendaþingið var haldið á baráttudegi gegn einelti og í mars var haldið annað þing þar sem fjallað var um gagnsemi og skaða samfélagsmiðla og tölvuleikja. Það þing var í samstarfi við Kvíslarskóla.*
- Unnið verði með eitt til tvö lífsgildi á mánuði, á sama tíma í öllum árgöngum.  
*Gildin sem unnið var með voru: virðing, vinátta, samvinna, seigla, kurteisi, hjálpssemi, umburðarlyndi, fjölbreytileiki og sköpun.*
- Áfram verði tvær valvikur í verkgreinum hjá 5. og 6. bekk, þar sem boðið verði upp á önnur viðfangsefni en alla jafna í þeim greinum.  
*Þetta gekk eftir.*
- Unnið verði með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í 2. og 4.bekk og Heimsmarkmiðin kynnt í 6.bekk.  
*Þetta gekk eftir.*
- Óskað verði eftir heimild til að ráða sálfræðing eða skólafélagsráðgjafa í fullt starf við Varmárskóla.  
*Miklar breytingar eru í farvatninu í stoðþjónustu bæði hjá Mosfellsbæ og öðrum sveitarfélögum og ekki hefur verið farið í þetta.*

Ábyrgð og mat: Skólustjóri ber ábyrgð á að innleiða verkefni og mat var gert í janúar og apríl 2024.

## **2 Markmið: Starfshættir og þróunarstarf.**

Að styðja við fjölbreytni í kennsluháttum og þróunarstarf með því að auka faglega samvinna og jafningjastuðning meðal starfsmanna. Einnig að leggja meiri áherslu á sameiginleg verkefni árganga í þeim tilgangi að skapa meiri samfellu í skólabrag Varmárskóla.

- Haldið verði áfram með stuðning við innleiðingu leiðsagnarnáms, stofnaðir verði leshópar og leiðsagnarnáms skólar heimsóttir.  
*Þetta gekk eftir, leshópur starfaði í skólanum og farið var í skólaheimsókn til London þar sem skólar sem leiðsagnarnámsskólar voru heimsóttir. Einnig heimsóttu stjórnendur Engjaskóla.*
- Hafist verði handa við innleiðingu „Læsi fyrir lífið“ í 5. og 6. bekk.  
*Samið var að Háskólann á Akureyri um leiðsögn í þessu verkefni sem gekk eftir áætlun.*

- Áfram verði unnið að uppbyggingu tæknikennslu í skólanum með áherslu á forritun og nýtingu stafrænnar tækni í verkgreinum.  
*Búið er að auka búnað skólans til muna og koma gögnum í notkun hjá öllum árgöngum.*
- Nýliðar fá kynningu á Uppbyggingarstefnu að hausti og kennarar stuðning við verkefni bekkjanna eftir þörfum.  
*Þetta gekk eftir.*
- Lestrarkort miðstigs verði endurskoðað þannig að það endurspegli fjölbreyttari lestur en nú er.  
*Nýtt lestrarkort var tilbúið í lok ágúst 2023.*
- Unnið verði með miðlalæsi í 3. - 6. bekk.  
*Ekki var unnið beint með miðlalæsi en mikið var unnið með fyrirmyndir almennt sem tengist viðfangsefninu.*
- Áhersla verði á samstarf teyma, það verði haft til hliðsjónar við skipulag skólafarsins. Teymi geri með sér formlegan samstarfssáttmála að hausti, þar sem meðal annars skal rætt um hvernig nálgast skal ágreining og almennt verklag og meðferð fundargerða.  
*Aðeins eitt af teyimum skólans gerði þetta strax í haust, fleiri bættust svo við eftir áramót þegar starfsmarkmiðin voru metin. Öll teymi gera fundargerðir sem aðgengilegar eru öllum í árgangi.*
- Lögð verði áhersla á að minnka pappírnotkun eins og hægt er.  
*Þetta verkefni er í sífældri vinnslu í skólanum.*
- Sett verði upp sérstök vinnudagatöl fyrir hvern árgang þar sem verkefni vegna samskiptastefnu, lífsgildavinnu og verkefni sem tilheyra forvörnum gegn ofbeldi eru tímasett.  
*Þetta gekk eftir og mæltist mjög vel fyrir.*
- Unnið verði með áhugasviðsverkefni með heilum árgangi í einu á ákveðnu tímabili.  
*Nemendur 6. bekkjar unnu tvö áhugasviðsverkefni í janúar og febrúar.*
- Haldið verði áfram með mánaðarteymi starfsmanna.  
*Þetta gekk eftir og mánaðarteymin eru orðin hluti af menningu skólans.*
- Gerð verði hugtakaskrá, listi með útskýringum á helstu hugtökum sem notuð eru í faglegri samræðu starfsfólks svo skýrt verði að sami skilningur sé fyrir hendi hjá öllum á lykilhugtökum.  
*Þetta verkefni reyndist flóknara en við fyrstu sýn oghefur ekki verið klárað.*

Ábyrgð og mat: Skólastjóri ber ábyrgð á að innleiða verkefnin og mat var gert í janúar og apríl 2024.

### 3. Markmið: Að auka öryggi og skilvirkni í starfinu og hafa stjórnun markvissari

Að efla sameiginlegan skilning starfsmanna skólans á lögum og reglugerðum sem varða skólafarið. Einnig að auka öryggi og skilvirkni í starfinu og tryggja að meðferð upplýsinga sé með réttum hætti-

- Verkferlar og stefnur verði kynnt í upphafi skólaárs, til dæmis um viðbrögð við óásættanlegri hegðun, meðferð fundargerða og skráninga er varða nemendamál. Einnig verði kynnt markmiðsgrein grunnskólalaga, grunnþættir menntunar og lykilhæfni út frá skilgreiningum í aðalnámskrá. Þá verði farið yfir samskipta- og lestrarstefnur og verkefni tengd þeim.  
*Þetta gekk eftir.*
- Komið verði upp sérstöku dagatali með tímasettum verkefnum fyrir hvern árgang, jafnframt verði sameiginlegt dagatal fyrir almenna viðburði í skólanum.
- *Þetta gekk eftir og mæltist mjög vel fyrir.*
- Gerð verði handbók fyrir nýliða „Svona gerum við í Varmárskóla“.  
*Þetta verkefni er enn í vinnslu og gert er ráð fyrir að því verði lokið fyrir skólabyrjun í ágúst 2024.*

Ábyrgð og mat: Skólastjóri ber ábyrgð á að innleiða verkefnin og mat var gert í janúar og apríl 2024.



#### 4. Stoðþjónusta

- Óskað verði eftir formlegri samvinnu við skólaþjónustu um samræðufund um verkefni og þjónustu sviðsins við skólana.  
*Leitað var á lits kennara á því hvaða spurningar ættu að liggja til grundvallar á samræðufundi af þessu tagi. Aðeins ein spurning barst og því var verkefnið ekki metið eins brýnt og áður. Þá stendur yfir viðamikil endurskipulagning á skólaþjónustu Mosfellsbæjar í tengslum við innleiðingu farsældarlaga. Af þessum sökum var ákveðið að fresta verkefninu og sjá hvernig málið þróast.*
- Einstaklingsáætlanir verði gerðar fyrir þau börn sem víkja verulega frá markmiðum árganga. Áætlanirnar verði tengdar viðmiðum og birtar í Mentor eins og aðrar áætlanir. Lögð verði áhersla á að sérúrræði endurspegli fjölbreytt námsframboð fyrir alla nemendur.  
*Þetta gekk að mestu eftir.*
- Lausnateymi verði áfram starfandi í skólanum.  
*Þetta gekk eftir og er orðinn fastur líður í menningu skólans.*

Ábyrgð og mat: Skólastjóri ber ábyrgð á samvinnu við skólaþjónustu og deildarstjóri stoðþjónustu á einstaklingsáætlunum og lausnateymi. Mat var gert í janúar og maí 2024.

Af þessari yfirferð má sjá að af 26 skilgreindum verkefnum sem lögð voru til á yfirstandandi skólaári eru aðeins fimm sem ekki er að fullu lokið. Tveimur var frestað vegna yfirstandandi breytinga, eitt var unnið að hluta og eitt er enn í vinnslu og fallið hefur verið frá verkefninu um hugtakaskrá að sinni.

### 3.9 Umbótaáætlun í tengslum við ytra mat MMS og vinna við menntastefnu Mosfellsbæjar

Menntamálastofnun gerði úttekt á starfssemi Varmárskóla vorið 2019. Í kjölfarið voru gerðar áætlanir um umbætur. Áfangaskýrslu var skilað í janúar 2022 og lokaskýrslu í janúar 2024. Skólinn telst nú hafa uppfyllt allt það sem Menntamálastofnun gerði athugasemdir við.

Mosfellsbær samþykkti nýja menntastefnu vorið 2022. Stefnan gildir frá vori 2022 – 2030. Skólar Mosfellsbæjar hafa sett fram skilgreiningar á því hvaða verkefni þeir eru að vinna sem tengjast menntastefnunni. Verkefni skólans eru flokkuð niður á gildi menntastefnunnar, vöxt, samvinnu og fjölbreytni, og skilgreint hver þeirra tengjast starfsfólki og hver nemendum. Þessi flokkun var ekki hluti af formlegu mati skólans en þar sem vinnan við skilgreiningar leiddi til mikillar greiningar á starfi skólans er hún höfð hér með.

#### Verkefni Varmárskóla sem tengjast menntastefnu Mosfellsbæjar

Vöxtur		Samvinna		Fjölbreytni	
Starfsfólk	Nemendur	Starfsfólk	Nemendur	Starfsfólk	Nemendur
<ul style="list-style-type: none"> <li>Leiðsagnarnám</li> <li>Læsi fyrir lífið</li> <li>Hinsegin fræðsla</li> <li>Bara tala</li> <li>Erasmus+/Thaith</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mælingar og aðgerðaráætlun í lestri og stærðfræði.</li> <li>Bekkjarsáttmálar og endurmat þeirra</li> <li>Fjölbreytt stöðþjónusta</li> <li>Ábyrgðarverkefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samstarfsáttmálar teyma</li> <li>Innra mat, Gæðagreinir</li> <li>Fundir stuðningsfulltrúa og kennara</li> <li>Uppbyggingarstefna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bekkjarsáttmálar</li> <li>Leiðsagnarnám</li> <li>Nemendabing</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Faglegt sjálfstæði</li> <li>Fjölbreytt fagþekking</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla á list- og verkgreinar og nýsköpun</li> <li>Nemendastýrð foreldraviðtöl um markmið og framfarir</li> <li>Skiptingar í fþróttum</li> </ul>

## Varmárskóli - Heimurinn er okkar

Þetta er lýsing á helstu verkefnum sem unnin eru í skólanum, flokkuð niður á gildi menntastefnunnar.

### 4. Umbótaáætlun og starfsmarkmið ársins 2024-2025

Við innra mat skólans er lögð áhersla á að skoða með skipulögðum hætti hvaða atriði er æskilegt að vinna með þannig að möguleikar nemenda til náms og þroska eflist. Ekkert af verkefnum yfirstandandi skólaárs kallar á róttækar umbætur en alltaf er hægt að styðja við framfarir og gera betur í starfi. Þau verkefni sem hér eru skilgreind sem umbótaverkefni verða jafnframt starfsmarkmið skólaársins 2024-2025 í Varmárskóla.

Veikasti þátturinn í matinu er aðstaða skólans. Í samstarfi við Mosfellsbæ hefur verið hönnuð ný skólalóð og verið er að vinna að umbótum í húsnæðismálum skólans. Því eru ekki sett fram sérstök markmið tengd þessum þætti. Annar veikur þáttur var upplifun starfsmanna af álagi í starfi, með betri skilgreiningum og meiri samræmingu teljum við að hægt sé að minnka álag og streitu. Starfsmarkmið komandi skólaárs eru sett fram í fjórum meginþáttum:

#### I) Að efla fagmennsku í þágu nemenda og veita starfsmönnum tækifæri til að vaxa í starfi.

Leiðir: Að innleiða leiðsagnarnám í ákveðnum skrefum og vinna með markvissum og samræmdum hætti með Uppeldi til ábyrgðar.

- Allir kennarar tileinki sér í það minnsta tvö verkfæri leiðsagnarnáms. Byrjað verður á að setja upp námsveggi og hafa markmið náms skýr og sýnileg nemendum.
- Áfram verði boðið upp á leshóp um leiðsagnarnám.

- Haldið verði áfram með innleiðingu á „Læsi fyrir lífið“ í samstarfi við Háskólann á Akureyri.
- Uppeldi til ábyrgðar verði notað með markvissum hætti, allir bekkir geri bekkjarsáttmála sem endurmetinn verði á tilteknum tíma. Skýr mörk og umgengnisreglur skólans verði skilgreind að nýju fyrir skólabyrjun og kynnt nemendum og foreldrum í upphafi skólaárs. Nýir starfsmenn fái fræðslu um hugmyndafræðina og eldri starfsmenn tækifæri til að rifja upp valda þætti.

## **II) Að efla félags- og tilfinningaþroska nemenda í þeim tilgangi að minnka árekstra og að þeir öðlist aukna samskiptafærni til framtíðar.**

Leiðir: Vinna með markvissum og samræmdum hætti með Uppeldi til ábyrgðar og auðvelda nemendum að skilja eigin líðan og bregðast við með jákvæðum hætti. Einnig að efla skilning nemenda á lýðræðislegum hugsunarhætti og vinnubrögðum.

- Bekkjarsáttmálar verði gerðir í öllum bekkjum og þeir skoðaðir og endurmetnir reglulega. Nemendur geri aðgerðaáætlun til að ná markmiðum bekkjarsáttmála.
- Nemendur læri að setja sér markmið í tengslum við hegðun og nám.
- Í kennslustofum verði komið verði upp sjónrænu yfirliti yfir tilfinningar og mögulegar leiðir til að bregðast við vanlíðan.
- Tvö nemendaþing verði haldin á skólaárinu.
- Áfram verði unnið með ábyrgðarverkefni nemenda í skólastarfinu.

## **III) Að draga úr spennu í umhverfi nemenda og bæta líðan í frímínútum.**

Leiðir: Skipulagðir leiki í frímínútum, eldri nemendur virkjaðir til aðstoðar. Breytt fyrirkomulag í matsal og hádegishléi.

- Áfram verði unnið með Vinaliðaverkefni, leikir verði ákveðnir fyrirfram og skipulag kynnt í bekkjum.
- Gerð verði tilraun með að umsjónarkennarar borði með sínum nemendum í matsal og skipti svo með sér að aðstoða nemendur við að komast út í frímínútur í hádegi.

## **IV) Að draga úr álagi og minnka streitu hjá starfsmönnum.**

Leiðir: Að hafa skýrar vinnureglur sem auðvelt er að nálgast og auka samræmingu í vinnubrögðum og skipulagi.

- Setja mikilvæg verkefni á sameiginlegt skóladagatal og gæta þess að verkefni skarist ekki og dreifist jafnt yfir árið.
- Setja upp padlet þar sem má sjá heildaryfirlit verkefna skipt niður á mánuði.
- Gera rafræna handbók fyrir starfsmenn.
- Hafa skýrt skipulag fyrir verk og listgreinakennara, íþróttakennara og sérkennara um árgangafundi.
- Skipuleggja fundi lausnateymis og stoðþjónustu fyrir árið.

## 5. Lokaorð

Skýrsla þessi um innra mat í Varmárskóla er tekin saman af skólastjóra sem jafnframt er ábyrgðarmaður hennar og umbótaverkefnanna í heild sinni. Vinna við að meta skólastarfið með Gæðagreinum er í rauninni þróunarstarf þar sem starfsmenn rýna í eigið starf með það að markmiði að finna leiðir til umbóta í hverjum verkþætti fyrir sig. Skýrslunni er skilað til Skólasviðs Mosfellsbæjar og hún birt á heimasíðu skólans.

12.júní 2024

Jóna Benediktsdóttir  
Skólastjóri Varmárskóla

## Fylgiskjöl

A)

Gæðagreinir 3.1, notaður við tvö verkefni, H og D

Hvað er gert í Varmárskóla til að byggja upp velferð nemenda og skapa öflugt skólasamfélag?

		Okkar mat					
		1	2	3	4	5	6
A	Í Varmárskóla er lögð áhersla á að skapa skólabrag þar sem nemendur upplifa öryggi. Það felur oft í sér samstarf við foreldra, og aðra starfsmenn í Mosfellsbæ (íþróttahús, skólabíl, skólaskrifstofu).						
B	Allt starfsfólk gerir sér grein fyrir að það er fyrirmyndir og stuðlar að velferð allra.						
C	Við tryggjum öryggi, heilbrigði, árangur, umönnun, virkni, virðingu, ábyrgð og þátttöku allra barna.						
D	Nemendur taka tillit til annarra, eiga jákvæð samskipti og sýna góða hegðun.						
E	Starfsfólk hefur skapað umhverfi þar sem nemendur finna til öryggis og umhyggju þegar þeir ræða um persónuleg og viðkvæm málefni.						
F	Við tryggjum að allt starfsfólk starfi eftir lögum, reglugerðum og siðareglum starfsstétta.						
G	Í kennsluáætlunum eru vel skipulögð og framsækin tækifæri fyrir nemendur til að uppgötva fjölbreytileika mannlegs samfélags.						
H	Nemendur skilja hugmyndir um jafnrétti og skóla fyrir alla. Þeir hafna mismunun og styðja jafnrétti.						
I	Árangur nemenda hefur batnað á grunni þeirra ákvarðana sem hafa verið teknar um nám og kennslu. (læsi fyrir lífið, markmiðsbundin kennsla, leiðsagnarnám, byrjendalæsi, teymiskennsla og svo framvegis)						
J	Í Varmárskóla er lögð áhersla á árangur einstaklinga og hópa sem eiga við erfiðleika að etja í námi.						
K	Við höfum skapað árangursríkt námsumhverfi byggt á hugmyndafræðinni um skóla fyrir alla.						
L	Í skólanum er fjölbreytileika fagnað.						

Heildareinkunn okkar fyrir þennan matsþátt er \_\_\_\_\_

B)

Námsmenning, unnið upp úr gæðagreiðni frá Ársskóla

		Okkar mat					
		1	2	3	4	5	6
A	Allir nemendur geta náð framförum með viðeigandi kennslu?						
B	Ég geri mér grein fyrir að hugarfar mitt, það er vaxandi eða fastmótað, hefur mikil áhrif á væntingar mínar til nemenda.						
C	Ég geri mér ljóst að viðhorf mín til nemenda hafa mikil áhrif á framfarir þeirra og stöðu í nemendahópnum.						
D	Með samskiptum mínum við nemendur og orðræðu stuðla ég markvisst að vaxandi hugarfari þeirra.						
E	Ég forðast námsmenningu þar sem viðurkenningar og samanburður skipta mestu máli.						
F	Ég styð námsvitund nemenda með því að vekja markvisst athygli á því hvernig þeir vinna að markmiðum sínum varðandi nám og hegðun.						
G	Nemendur mínir hafa lært að mistök eru eðlilegur og mikilvægur hluti náms.						
H	Ég ræði reglulega starf mitt við samkennara, það sem gengur vel og hvernig ég get gert enn betur.						
I	Kennarar vinna markvisst að því að byggja upp námsmenningu sem stuðlar að því að nemendur taki aukna ábyrgð á eigin námi.						
J	Menning skólans einkennist af því að miklar væntingar eru gerðar til allra nemenda.						
K	Í Varmárskóla stuðlum við að vaxandi hugarfari, samvinnufærni og námsvitund.						

C)

### Gæðagreininir 1.1 Umbótamiðað sjálfmat

Mikilvægir þættir sem þarf að huga að við matið.

		1	2	3	4	5	6
A)	Að hvaða marki tekur þú ábyrgð á umbótum byggðum á innra mati?						
B)	Hversu vel skilur þú sjálfsmatsaðferðina sem við notum? (Gæðagreina)						
C)	Leiðir sjálfsmat þitt til umbóta fyrir nemendur.						
D)	Hversu góðan skilning hefur starfsfólk á aðstæðum í samfélaginu sem geta haft áhrif á líf og nám barna?						
E)	Hversu vel tekst þér/okkur að draga úr hindrunum til að tryggja árangur nemenda?						
F)	Hversu vel höfum við, sem skólasamfélag, skilgreint styrkleika og tækifæri til umbóta í skólanum okkar?						
G)	Að hvaða marki færð þú tækifæri til að stýra ákveðnum verkefnum sem varða umbætur í skólastarfinu?						
H)	Að hvaða marki ert þú hvattur til ígrundunar um eigið starf og til að læra af jafningjum?						
I)	Að hvaða marki er stuðlað að því að þú beinir sjónum inn á við, út á við og fram á við þegar verið er að vinna að innra mati?						
J)	Hversu vel eru vísbendingar úr innra mati nýttar til að knýja á um breytingar og umbætur í skólastarfinu?						
K)	Símenntunaráætlun starfsfólks er byggð á niðurstöðum sjálfsmats.						
L)	Á skólaárinu er lögð áhersla á að fylgjast með og meta nám, kennslu, árangur nemenda og fylgja umbótum eftir.						

D) Gæðagreininir 1.5

Matsþáttur M, samkvæmt fimm ára áætlun Varmárskóla um innra mat Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar.

Mikilvægir þættir sem huga þarf að við matið

		1	2	3	4	5	6
A	Skólastjóri leggur upp með gagnsæi og sanngirni við nýtingu fjármagns.						
B	Ákvarðanir um útgjöld (námskeið, námsgögn og annað) eru teknar í samræmi við markmið skólans eftir þeirri forgangsröð sem ákveðin hefur verið.						
C	Starfsfólk hefur sameiginlegan skilning á aðstæðum nemenda sem búa við skort og bregst við ef þarf.						
D	Kennarar nota fjölbreytt úrræði, þar með talið upplýsingatækni, til að skapa viðeigandi stuðning og áskoranir fyrir nemendur.						
E	Við nýtum húsnæði skólans og umhverfi hans til að skapa lærdómsumhverfi og styðja velferð nemenda og starfsfólks.						
F	Við leitumst ávallt við að vinna með nemendum og foreldrum að því að ná sameiginlegri niðurstöðu í málefnum sem varða nemendur.						
G	Starfsmenn geta fengið þann búnað og kennslugögn sem þeir óska eftir og ætluð eru til að efla áhuga eða auðvelda nám nemenda.						
H	Við ráðstöfun mannauðs er fyrst og fremst horft til þarfa nemenda.						
I	Við ráðstöfun fjármagns er fyrst og fremst horft til þarfa nemenda.						
J	Aðstaða skólans er örugg fyrir nemendur og starfsfólk						